

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/599  
komudagur 11.1.2002



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. janúar 2002  
6/199/SS/ajr

**Umsögn Læknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann, 46. mál.**

Rafsegulsvið fylgja allri notkun rafmagns og er styrkur sviðanna háður fjarlægð frá uppsprettu (leiðslu, línu, rafmagnstæki) og spennu rafmagnsins. Mikil almenn umræða á sér stað um hugsanleg heilsufarsáhrif af völdum rafsegulsviða, sem menn verða fyrir, einkum krabbameinshættu. Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrá, sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameina. Fram kemur í greinargerð með tillöguni, að unnt er að taka tillit til fámennis hér á landi við rannsóknir á sjaldgæfum krabbameinum með því að láta rannsóknirnar ná yfir mörg ár.

Læknafélag Íslands mælir fyrir sitt leyti með samþykkt framkominnar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson  
formaður